



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Austurborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021.....	5
3	Innra mat deildanna	10
3.1	Innra mat Kattholts.....	10
3.2	Innra mat Bangslands	13
3.3	Innra mat Putalands	16
3.4	Innra mat Ólátagarðs.....	19
3.5	Innra mat 5. deildar/verkefnastjóri	23
4	Innra mat sérkennslu.....	24
5	Innra mat – fjöltyngd börn	27
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	30
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	31
8	Foreldrasamvinna.....	31
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	31
10	Fylgigögn.....	32
10.1	Fylgiskjal 1 - Leikskóladagatal 2021 - 2022.....	32
10.2	Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs	32



1 Greinargerð leikskólastjóra

Leiðarljós leikskólans er vil – get - kann

Við höfum trú á að öll börn vilji, geti og kunni ef þau fá tækifæri til að gera hlutina sjálf/eða með stuðning kennara. Kennarar verða alltaf að hafa þessi leiðarljós í huga við nám og leik barnanna.

Greinargerð leikskólastjóra

Það má segja að skólaárið 2020-21 sé ár óvæntra atburða og mikilla breytinga sem gerði það á köflum að erfitt var að halda skólastarfi gangandi. Má þar fremst í flokki nefna heimsfaraldurinn Covid-19 sem herjaði ennþá á okkur þennan vetur. Starfsmannahald var á köflum mjög erfitt þar sem hin minnstu veikindi kölluðu á sýnatöku (covid próf) og sóttkví meðan verið var að kanna sýnin og starfsmenn mikið frá vegna þess eða í sóttkví vegna sinna fjölskyldumeðlima.

Þessi vetur reyndi mikið á starfsmenn hvað varðar andlega og líkamlega heilsu vegna þessa ástands og allra takmarkanna sem við þurftum að framkvæma svo sem að hólfa niður deildir og að passa vel uppá allar sóttvarnir. Starfsmenn voru hræddir og var það þeim mikið álag að vera alltaf í framlínu og eiga á hættu að smitast og smita aðra, jafnvel heilt skólasamfélag. Þetta reyndi vel á starfið en sem betur fer fór allt vel hjá okkur og erum við mjög heppin og þakklát fyrir það.

Þessi vetur litaðist mjög af ástandinu og voru flest öll samskipti við utanaðkomandi aðila í lágmarki ásamt því að foreldrar máttu ekki koma inn í leikskólann. Fundir og foreldraviðtöl fóru fram á netinu þannig að dagleg samskipti foreldra við starfsmenn leikskólans voru í lágmarki nema í formi netsamskipta. Starfsmenn stóðu sig mjög vel við að koma upplýsingum um starfið til foreldra en við söknuðum hins venjulega samstarfs og að fá ekki foreldra inn í leikskólann.

Miklar starfsmannabreytingar áttu sér stað hjá okkur þennan vetur sem hafði mikil áhrif á leikskólastarfið. Haustið byrjaði með 8 nýjum starfsmönnum sem þurftu sinn tíma að komast inn í starfið. Einn deildarstjóri fór í fæðingarorlof eftir sumarfríð og tveir af nýju starfsmönnum fóru í langtímaveikindi í nóvember. Í janúar hætti aðstoðarleikskólastjórinn (Agnes Ólafsdóttir) en hún hafði starfað í Austurborg í 15 ár, hún tók við leikskólastjórastöðu í Sunnuási og fylgdu henni tveir deildarstjórar sem hættu í apríl og maí þetta árið. Við samgleðjumst henni og óskum þeim velfarnaðar. Það var mjög erfitt á sjá á eftir þessum flottu stjórnendum en það kemur maður í manns stað og lánið leikur við okkur Austurborgara því við fengum flotta kennara í stjórnendahópinn og nýjan aðstoðarleikskólastjóra, Guðrúnu Kristinsdóttur sem verið hafði aðstoðarleikskólastjóri í Snæfellsbæ og hlakka ég til samstarfsins með henni.

Aðlögun barna gekk ágætlega en á yngstu deildinni dróst aðlögunin þó nokkuð fram í haustið þar sem færri börn máttu vera hverju sinni í aðlögun vegna ástandsins. En þegar leið á veturinn féll allt í góðan farveg og börn og starfsmenn náðu að njóta sín.

Fimm starfsmenn voru í fjarnámi við HÍ í leikskólakennaranámi, þar af þrír deildarstjórar í mastersnámi og tveir starfsmenn voru á fyrsta ári í náminu. Breyting var á fjarnáminu hjá nýnemum þennan vetur



en þeir voru í sínu námi á morgnanna 3x í viku frá 8:00-11:00 ásamt 3 vikna vettvangsnámi á vorönn. Mastersnemarnir voru í innilotum og fimm vikna vettvangsnámi í öðrum leikskóla og var það mjög erfitt vegna fjarveru hinna deildarstjóranna að manna allar stöður. Þetta kallaði á fleiri starfsmenn til að dekkja þessar stöður og aukið álag á starfið en við viljum leggja okkur fram um að fjölga leikskólakennurum.

Við áttum að fá nema frá Háskola Íslands en ekki varð úr því þennan veturinn en við fengum tvo nema frá Leikskólaliðabraut Borgarholtsskóla og erum við stolt af að fá nema til okkar. Þessi samvinna hefur gefið mikið til leikskólans og eflir okkur í símenntun.

Stytting vinnuvikunnar – betri vinnutími kom til framkvæmdar í janúar 2020 og var ákveðið á okkar vinnustað að taka 4 tíma styttingu á viku. Þetta ferli var erfiðara í framkvæmd en við reiknuðum með en gekk þó þar sem KÍ – kennarar safna sínu fríi þannig að allir starfsmenn fara ekki í styttingu vikulega. Kennarar hjá KÍ taka sína styttingu út í kringum páskanna og fara í lengra sumarfrí og jólafrí. Í ár fengu allri starfsmenn leikskólans lengingu á sínu sumarorlofi í 30 daga og er það mjög ánægjulegt en það gerir uppsöfnun styttingar erfiðari í framkvæmd og verður þetta ár að líða til að geta séð hvernig það kemur út. Það hefur verið mjög erfitt að fara í þessa framkvæmd samhlið heimsfaraldri sem kallaði á fleiri fjarverutíma starfsmanna ásamt aukins undirbúningstíma allra starfsmanna og námsleyfis. Þannig að það kallaði á fleiri starfsmenn- og tímavinnufólk.

Við tókum þátt í Barnamenningarhátíðinni 20. apríl -14. júní 2021. Eins og undanfarin ár vorum við með í sameiginlegum tónleikum leikskólabarna í samstarfsverkefni með Tónskóla Sigursveins. Þemað í ár og var „*Karímarímambo*“ sem þýðir gleði, hamingja, ást og friður og eru ljóð og lög eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson. Í fyrra gátu börnin ekki haldið tónleika vegna Covid og því var allt gert til að börnin gætu haldið tónleika í ár. Það gekk með því að skipta þessum 600 barnakór niður í fjóra smærri hópa og sungu þau á mismunandi tímum og voru tónleikar þeirra streymt til foreldra frá Ráðhúsi Reykjavíkur þann 2. júní 2021. Stóðu börnin sig frábærlega vel svo unun var að.

Í ár tókum við einnig þátt í hátíðinni með verkefnið „*Skilningarvitin okkar*“ Markmiðið þess er að leyfa börnum að upplifa eldfjöll og kviku í gegnum viðfangsefni sem bjóða upp á að skilningarvitin fimm: þ.e. að snerta, lykta, smakka, hlusta og sjá. Til þess notuðum við fjölbreytt viðfangsefni á ýmsum sviðum svo sem tónlist, vísindi, líkamshreyfing, myndlist og náttúrufræði. Búið var til myndband til að deilda til foreldra þar sem foreldrar og aðrir máttu ekki koma í leikskólann vegna Covid. Þetta verkefni fengu öll börnin í skólanum að gera og var mjög vinsælt og flott námsefni. Hvert og eitt barna fékk síðan skráningu um verkið og myndaskráningu um aðkomu sína að því til eignar.

Jólagjafir barnanna vöktu verðskuldaða athygli eins og undanfarin ár en hvert og eitt barn að undan skyldu yngstu börnum skólans er tekið á eintal og spurt hvað það vill gefa foreldum sínum í jólagjöf. Þessi viðtöl voru öll skráð ásamt ferlinu við hönnun gjafanna og fengu foreldrar skráningarbók með

hverri gjöf. Hefur þetta fyrirkomulag gefist vel og er foreldum og börnum tilhlökkunarefni og stór liður í lýðræðisþátttöku barna.

Þrátt fyrir allar hömlurnar vegna Covid-19 náðum við að fá þrjá fyrirlesara/námskeið til okkar. Það voru Bjartur Guðmundsson sem var með námskeiðið *Óstöðvandi í topp tilfinningalegu ástandi*. Ísleifur Örn Garðarsson, deildarstjóri á Bangsalandi var með fyrirlesturinn *Inngangur að kennslu barna*. Elín Matthildur Kristinsdóttir, velferðarkennari kom með kynninguna *Búbblur í skólastarfi – hugarró, velferð, sjálfsefning og vellíðan*.

Starfsmannafélagið er mjög öflugt og gerðum við ýmislegt okkur til fróðleiks og skemmtunar. Þetta árið féll þó ýmislegt niður vegna ástandsins eins og jólagleði starfsmanna og fleiri uppákomur sem hafa verið fastur liður hjá starfsmannafélaginu. Við náðum þó að halda : Óvissuferð, Pub Quiz, spilakvöld og sumargleði með grilli. Jákvæður og skemmtilegur starfsmannahópur sem er alltaf tilbúin að fara ótroðnar slóðir.


2 Ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Ytra mat


Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Barnið og starfið, foreldrar og starfið, stjórnun leikskólans	Rafræn könnun á vegum Skóla- og frístundasviðs	Foreldrar	Styrkleikar eru þeir þættir er snúa að barninu og dvöl þess í leikskólanum. Einnig er stjórnun, stefna og aðbúnaður í leikskólanum styrkleiki. Veikleiki sem kom fram í könnuninni er að ekki hefur verið leitað til foreldra eftir tillögum og hugmyndum, þátttaka foreldra í leikskólastarfinu, upplýsingar um framfarir barnsins.




Meðalskor spurninga er varða barnið og starfið




Meðalskor spurninga er varða stjórnun og stefnu leikskólans



Meðalskor spurninga er varða stjórnun og stefnu leikskólans



Meðalskor spurninga er varða foreldra og starfð



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

Nú stefnir hraðbyri í að við séum að komast í gegnum Covid-19 faraldurinn sem betur fer og þá er hægt að leggja meiri áherslu á þátttöku foreldra í starfi leikskólans. Það þarf að leggja áherslu á að foreldrar fái reglulega upplýsingar um framfarir barnsins og einstaklingsbundnar upplýsingar. Þær upplýsingar hafa annars að mestu farið fram í foreldraviðtölum. Handbækur verða útbúnar þar sem upplýsingar fyrir nýja starfsmenn verða mjög aðgengilegar. Þessar handbækur verða gerðar fyrir stjórnendur, kennara og annað starfsfólk. Við höldum áfram því góða starfi innan starfsmannahópsins þar sem við leggjum áherslu á að þetta hópinn og eiga skemmtilegar stundir saman eftir vinnu. Það skilar sér í glöðum og samhentum starfsmannahópi, sem skilar sér svo í enn betra starfi til nemendanna okkar. Við höldum áfram að vinna með Leikur að læra, Vináttuverkefni Barnaheilla og einnig tökum við inn markvisst starf með Lubbaverkefninu, Lubbi finnur málbein.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Handbók	Útbúa handbók stjórnenda þar sem hlutverk þeirra eru sett niður	Taka saman helstu verkefni stjórnenda og setja saman í möppu sem er aðgengileg	Guðrún og Konný taka verkefni saman. Guðrún kemur þeim í handbók	Haut 2021	Vor 2022	Helstu verkefnum stjórnenda er safnað saman. Sett niður í handbækur.	Að það sé auðveldar fyrir nýja stjórnendur að koma til starfa.
Uppeldis- og menntastarf							



Skólanámskrá	Fara yfir og uppfæra skólanámskrá á leikskólans.	Það er mikilvægt að reglulega sé farið yfir námskrána. Setja eintak inn á allar deildir	Stjórnendur og deildarstjórar	Haut 2021	Vor 2022	Ábyrgðaraðilar hittast og fara yfir gömlu námskrána. Finna í sameiningu það sem þarf að uppfæra, taka út og setja inn	Að skólanámskrá sé aðgengileg öllu starfsfólki, og sé skiljanleg. Að hún styðji vel við starfið
Mannauður/Leikskólabragur							
Starfsfólk	Vinna í að áfram verði virkt starfsmannafélag og skemmtinefnd	Hvetja starfsfólk til að gera eitthvað saman fyrir utan vinnu	Stjórnendur, skemmtinefnd	Haut 2021	Vor 2022	Farið yfir á skemmtinefndarfundum og starfsmannafundum.	Að starfsfólk finni fyrir öryggi í vinnunni og líði vel þar.
Innra mat							



Mannauður	Hafa áfram fjölbreyttan starfsmanna hóp. Auka kennaramenntað starfsfólk	Styðja við þá sem stefna á frekara nám.	Stjórnendur	Hau st 2021	Vor 2022	Veita sveigjanleika við ástundun náms. Ráða karlmenn jafnt sem kvenmenn til starfa	Að mannauðu rinn sé faglegur, fjölbreyttur og áhugasamur
------------------	---	---	-------------	-------------	----------	--	--

3 Innra mat deildanna

3.1 Innra mat Kattholts

Kattholt er elsta deildin á Austurborg. Á Kattholti í vetur voru 29 börn. Á deildinni voru tveir árgangar í vetur og af þeim voru 24 börn fædd 2015 og 5 börn fædd 2016. Kynjahlutföllin voru eftirfarandi 18 stúlkur og 11 drengir.

Megináherslur á starfinu í vetur voru;

- Leikur að læra
- vináttuverkefnið
- hópvinna tengd þemum
- viðburðir tengdir samfélaginu eins og t.d. barnamenningarhátíðinni

Leikur að læra starfið gekk mjög vel. Deildarstjóri Leikur og læra sá um að taka hópá tvisvar í viku og skipulagði það mjög vel. Miklar framfarir mátti sjá hjá barnahópnum eftir vinnu vetrarins. Fyrir áramót var lögð áhersla á málörvun en eftir áramót var stærðfræði tekið fyrir. Hópstarfið inn á deild var þannig háttað að þeim var skipt í fjóra hópá tvisvar í viku og var tengt þema. Þemun voru t.d. fuglar, fiskar og sjórinn. Út frá þessum þemum tengdum við nánasta umhverfi þannig að gönguferðir og vettvangsferðir voru nýttar í þessar fræðslu.

Vináttuverkefnið gekk vel á Kattholti í vetur. Börnin fóru í vináttustund einu sinni í viku í litlum hópum en einnig prófuðum við að hafa eina samvera tengda vináttuverkefninu. Þar var farið yfir spöldin og rætt um þau atriði sem komu þar fram. Umræður tengdar spöldunum gengu yfirleitt vel og börnin höfðu frá mörgu að segja. Við nýttum tónlist og slökun sem fylgdi námsefninu og út frá því komu

ýmsar umræður varðandi viðfangsefni spjaldanna. Börnin voru dugleg að grípa í Blær bangsa sem þau eiga og eru aðgengilegir þeim. Þau sýndu einnig fram á tengingu umhyggjunnar þegar þau náðu oft í bangsana fyrir þau börn sem þurftu huggun. Okkur á Kattholti fannst starfið takast vel en vantaði þó eitthvað upp á að tengja það við foreldrana en vegna Covid-19 var takmörkun á aðgengi foreldra að leikskólunum.

Hópvinnan í vetur var að miklu leiti þematengd en hún fór fram þannig að börnunum var skipt niður í fjóra hópa og fylgdi einn kennari hverjum hóp. Við byrjuðum á því að miða út frá skólatengdum verkefnum þar sem við notuðum Orðagull og fleiri málörvunar tengd verkefni. Spil voru tengd í hópinnuna og þau miðuðu út frá áherslum hverju sinni s.s. tölum eða málörvun. Seinni hluta vetrarins fórum við í öðruvísi þemu en þá tókum við fyrir fugla, fiska og sjóinn.

Viðburðir tengdir samfélaginu eins og t.d. barnamenningarhátíðinni - Karímarímambó- var verkefni sem við tókum þátt í á vegum Barnamenningarhátíðar. Við fengum send inn sönglög sem við æfðum og með þeim voru hreyfingar. Við fórum einnig í heimsókn til tónlistarskóla Sigurvins sem hélt utan um verkefnið þar sem við tókum eina æfingu með þeim. Þann 1.júní fórum við svo í Ráðhús Reykjavíkur þar sem við komum fram ásamt nokkrum öðrum leikskólum, þessu var síðan streymt til foreldrana. Grasagarðurinn var annað verkefni sem við tókum þátt í sem heitir sofnað að hausti – vaknað að vori. Elstu börnin fóru að hausti til í Grasagarðinn að setja niður lauka, en um vorið fengum við reglulega pósta með myndum sem sýndu fram á vöxt blómanna. Um vorið fórum við svo öll saman á Kattholti til að skoða túlípanana sem voru í fullum blóma.

Við fórum á söfn áður en hertar aðgerðir voru settar fram, en við kíktum á Gufunes, Ásmundarsafn, Sjóminjasafnið, Húsdýragarðurinn, Ráðhúsið og fleiri staði. Börnin töluðu um að þeim þætti mjög skemmtilegt að fara í þessar ferðir en auðvitað voru það sumir staðir sem stóðu upp úr líkt og Sjómannasafnið og Húsdýragarðurinn. Í húsdýragarðinum fengum fræðslu um dýrin sem við tengdum hópstarfinu okkar.

Deildarfundir, hafa verið á dagskrá aðra hverja viku en oftast en ekki gleymst eða ekki verið starfsfólk til að passa upp á börnin okkar á meðan við höldum fund eða vantað starfsfólk á okkar deild. Þó hefur þessi vetur verið með þeim betri hvað deildarfundir varða og höfum við náð all nokkrum. Þessir fundir eru notaðir til að fara yfir hópstarf, hvernig starfsfólki líður á deildinni, förum yfir sérkennslu á deildinni og einna helst til að geta verið samstíga í þeirri vinnu sem við erum að vinna.



Umbót a-þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðar-aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vináttu - verkefnið	Festa það betur í þematengdum verkefnum. Flétta það inn í starfið.	Ákveða hver heldur utan um vináttuverkefnið og halda vel að dagsetningum	Byrjum 1.sept – 1.júní.	Deildars tjóri og starfsmaður	Stundirnar verða metnar á deildarfundum þegar þess er þörf.	Markmiðið er að börnin læri að umgangast hvort annað og hlusta á og lesa í tilfinningar hvors annars með samræðum og söng.
LAL	LAL hefur gengið vel í vetur, en við ætlum að færa ábyrgðina meira á starfsmann deildarinnar og tímunum einu sinni í viku fyrir hvert barn a.m.k.	Aðgengilegt efni er á netinu og einnig er stefnan að fá fræðslu í haust frá LAL fyrir alla starfsmenn	Byrjum verkefnið 1. sept til 31.nóv. Byrjum aftur í 1.feb – 1.apríl	Deildars tjóri og starfsmenn	Verkefnið er metið jafn óðum og verður aðlagð að hópnum og getu barnanna jafn óðum.	Markmiðið er að krakkarnir verði búnir að ná tökum af stórum hluta stafrófsins, og ná að hljóða flesta þeirra, form að vissu leiti og stærðfræði kunnátta verði á grunnstigi. Gera námið skemmtilegt fyrir krakkana.
Hópastarfið	Hópstarfið í vetur hefur einkennst af LAL, listasmiðju og skriflegum verkefnum sem voru þematengd s.s fiskar, sjórinn og því um líkt Heilt yfir hefur hópstarfið gengið vel.	Mikilvægt að halda hópstarfinu gangandi. Sniðugt að hafa ákveðin þemu í hópstarfi yfir ákveðið tímabil. Mikilvægt að hafa þægilega stærð af	Byrjum 1.sept – 1.maí	Allir starfsmenn deildarinnar	Hópstarfið var metið jafn óðum og aðlagð að hópnum og getu barnanna jafn óðum.	Að börn læri að fara eftir fyrirmælum og fylgjast með ákveðnum verkefnum. Að auka kunnáttu barnanna á mörgum sviðum ekki síst félagslega.



		hópum, max 8 í hóp.				
--	--	------------------------	--	--	--	--

3.2 Innra mat Bangsaland

Á Bangsalandi eru samtals 23 börn, 7 börn fædd árið 2018 og 16 börn fædd árið 2017. Þegar kom að flutningi á milli deilda í byrjun skólaárs færðust 20 börn frá Putalandi á Bangsaland. Svo í lok ágúst hófst aðlögun nýrra barna en 3 ný börn komu á Bangsaland. Sjálfur flutningurinn og aðlögun nýrra barna gekk vonum framan en allir starfsmenn Putalands færðust upp um deild á Bangsaland með börnunum.

Aðal áherslur Bangsaland hafa verið að kenna börnunum að vera hluti af hóp, að vera vinur og þetta sé vinaleikskóli. Áhersla hefur einnig verið að gera krakkana að virkum þátttakendum inn á deild og sjálfstæðum einstaklingum. Krakkarnir eru flest öll orðin mjög dugleg að klæða sig sjálf og þau taka þátt í að taka saman á deildinni og setja hlutina á sinn stað. Öll börn eru byrjuð að setjast og pissa í klósettið og styttest í að Bangsaland verður beyjulaus deild.

Í hópastarfi höfum við lagt mikla áherslu á Leikur að læra, listasmiðju (sköpun), íþróttir (hreyfingu), útikennslu, vináttuverkefnið, skráningar og námsþætti Aðalnámsskrár Reykjavíkurborgar. Það hefur gengið vel að vinna eftir námsþáttunum sem hafa tvinnast inn í nánast allt starf deildarinnar.

Leikur að læra hefur gegnið mjög vel í vetur. Að meðaltali voru tvær LAL kennslustundir á viku fyrir hvern hóp en yfir skólaárið vorum við að prófa okkur áfram með kennslustundirnar. Þær voru ýmist inn í sal eða á deildinni, 1 hópur alla morgna eða keyrsla yfir heilan dag. Námssefninu var skipt upp inn í tvennt, litirnir og bókstafir fyrir jól og svo talning, form og afstöðuhugtök eftir jól. Lærdómur barnanna af þessum kennslustundum er gífurlegur og svo má ekki gleyma lærdóminum sem kemur við að hlusta, bíða og fara eftir ákveðnum reglum í LAL stundunum. Við á Bangsalandi voru mjög heppin með starfsmenn þegar kom að leikur að læra. Þeir starfsmenn sem tóku að sér þessar kennslustundir bjuggu yfir mikilli þekkingu og áhuga af LAL kennsluaðferðinni og náðu margir starfsmanna að taka þetta verkefni að sér í vetur.

Vináttuverkefnið hefur gegnið ágætlega inn á deild. Að jafnaði hefur verið farið í það einu sinni í viku. Vináttuverkefnið er oftast framkvæmt í samverustundum þar sem Blær Bangsi kikir í heimsókn, lesnar eru sögur með honum og dæmis-spjöldin skoðuð saman. Síðan er geisladiskurinn settur í tækið og börnin syngja og dansa við vináttulögin. Börnin eru orðin mjög dugleg að hlusta og eiga í góðum samræðum um vináttu í þessum stundum.

Hópastarf Bangsaland hefur einkennst af Leikur að læra, listasmiðju og íþróttum. Hópastarfið var háttað þannig að deildinni var skipti upp í hópa, að jafnaði 4 en mismunandi eftir hópastarfinu hverju sinni. Þær umbætur sem mætti gera þegar kæmi að hópastarfi á Bangsalandi væri að taka fyrir ákveðin þemu sem einkenna ákveðið tímabil inn á deild. Þar sem til dæmis dýrin eða mannlíkaminn eru tekin fyrir og krökkunum kennt um. Sama með sönglög í samverum, vera þar með ákveðin lög yfir ákveðið tímabil og skipta svo.

Leikskólinn býr yfir góðu húsnæði með listasmiðju og sal. Stundir í listasmiðjunni og íþróttir í sal voru að jafnaði einu sinni í viku í vetur en féllu þær niður þegar covid var skæðast vegna sóttvarnahólfa í leikskólanum. Ef ekki var hægt að nýta salinn eða listasmiðju voru stundirnar færðar inn á deild. Bæði listasmiðjan og íþróttirnar hafa gengið mjög vel og mikið hefur verið um fjölbreytni í þessum stundum. Í listasmiðjunni var mikið unnið með fínhyfingar, klippa, halda á blýanti/pensli og yfir höfuð leyfa



sköpun barnanna að njóta sín. Í íþróttunum var markmiðið að kynna börnunum fyrir almenni hreyfingu og fjölbreytni hennar. Mikið hefur verið um þrautabrautir og boltaíþróttir.

Útikennslan í vetur var með mjög skipulögðum hætti. Að jafnaði fóru öll börn í útikennslu 1x í mánuði. Námsfni deildarinnar var fléttað inn í útikennsluna en við fórum til dæmis með leikur að læra efnivið í útiveruna okkar. Í útikennslunni lærðum við á náttúruna okkar og mikilvægi þess að passa upp á hana. Sem dæmi lékum okkur á tásunum í grasinu, knúsuðum tré, fundum lykt, gróðursettum túlipana og margt fleira.

Það sem að gerði alla vinnuna við skólaárið á Bangsalandi auðveldari var starfsfólk deildarinnar. Starfsfólk deildarinnar hefur mismunandi áhugamál og því fengu allir starfsmenn að vinna með það sem þau eru best í. Það sem að gerir gott starf er gott samstarf á milli starfsmanna og hafa starfsmenn deildarinnar unnið mjög vel saman, þó ólíkir séu.

Deildarfundir eru mikilvægir fyrir deildarstarfið, upplýsingaflæði og til að samrýma starfsmenn. Deildarfundir þetta skólaár voru eftir bestu getu á tveggja vikna fresti. Smá breytingar urðu á tilhögun deildarfunda og samstarfi á milli deilda. Þær breytingar voru af hinu góða en deildarfundir voru eftir breytingar fastir annan hvern föstudag.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur að læra	Að barnið geti unnið í hóp og tekið þátt í verkefnum sem lögð eru fyrir í gegnum leikin. Öðlast þekkingu: liti, stafi, form, talning.	Börnunum var skipt í hópa, ýmist eftir getu og aldri. Tímarnir voru fast 2x í viku. Að jafnaði byrjuðum við 4 daga vikunnar á einum LAL hópi. Svo rúlluðum við öllum hópunum í gegn einn dag vikunnar.	Elsa, Aron, Sara og leva	Sep 2020	Maí 2021	Barnið er metið hvort framfari séu eðlilegar miðað við þroska og aldur barnsins. Deildarfundir eru notaðir til þess.	Að barnið njóti stundanna. Að barn tekur þátt í stundunum, leikur með, sýnir gleði og áhuga.
Íþróttir	Að auka hreyfifærni og þor barna. Auka	Börnunum var skipt upp í hópa sem voru rúllað í salinn. Að jafnaði var ein	Elsa, Aron og Emil	Sep 2020	Maí 2021	Barnið er metið hvort framfari séu eðlilegar miðað við þroska og	Auka bros, áhugi á íþróttastundum. Aukið þol og þrek.

	áhuga barna þegar kemur að hreyfingu.	hreyfistund í viku.				aldur barnsins. Deildarfundi r eru notaðir til þess.	
Listasmiðja	Að barnið kynnist ýmsum efnivið og læri að meðhöndla hann og finna leiðir til að skapa úr verðlausum efnivið.	Börnunum var skipt upp í hópa sem voru rúllað í listasmiðjuna. Svo vorum við duglega að taka efnivið inn á deild til að föndra. Það mætti flétta listasmiðjuverkefni inn í þemavinnu.	leva og Angel a	Sep t 202 0	Maí 202 1	Barnið er metið hvort framfari séu eðlilegar miðað við þroska og aldur barnsins. Deildarfundi r eru notaðir til þess = samvinna.	Að allir fái að springa út sem listamenn. Að börnin séu ánægð með sín verk.
Útikennsla	Að börnin læri að umgangast náttúruna og þyki vænt um hana. Umfram allt þykir gaman að fara út í náttúruna.	Skiptum upp í hópa og reyndum að meðaltali að allir hópar færu út í útikennslu 1x í mánuði. Það mætti auka fjölda þessara stunda og flétta inn í þemavinnu.	Angel a	Sep t 202 0	Maí 202 1	Til að meta þessar stundir horfðum við á þátttöku og áhuga barnanna.	Að börnin njóti þessara stunda og taka þátt.
Vináttuverkefni	Að börnin læri að umgangast hvort annað og hlusta á og lesa í tilfinningar hvors annars með	Vináttuverkefnið sat smá á hakanum þennan vetur. Eftir umræðu á deildarfundi vorum við með fasta vináttusamverustund alla föstudaga. Þá skiptum við hópnum upp í	Elsa	Sep t 202 0	Maí 202 1	Barnið er metið hvort framfari séu eðlilegar miðað við þroska og aldur barnsins. Hvort barnið getur litið í eigin barm og tjá	Að barnið njóti stundanna. Að barn tekur þátt í stundunum, leikur með, sýnir gleði og áhuga. Hvort barnið getur litið í eigin barm og tjá



	samræðu m og söng.	tvenn. Það mætti auka fjölda þessara stunda út 1x – 2x í viku.				tilfinningar sínar.	tilfinningar sínar.
--	--------------------------	--	--	--	--	------------------------	------------------------

3.3 Innra mat Putalands

Putaland er yngsta deildin á Austurborg. Þar eru börn fædd 2018 og 2019. Á Putalandi hefur áherslan verið lögð á að aðlögun verði sem best og að börnin nái að njóta sín og komast inn í starfið. Við höfum haft áherslu á fár en einfaldar reglur og haft vináttuna í forgrunni. Aðalnámskráin hefur verið rauður þráður í gegnum starfið og reynum við að vinna alla þætti hennar inn í daglegt starf deildarinnar, svo sem læsi og listnám. Við höfum haft hana sem viðmið þegar leikur að læra stundir eru og er hún höfð til hliðsjónar við skipulag daglegs starfs inni á deildinni.

Á mánudögum var farið í listasmiðju og unnið að fjölbreyttum verkefnum tengd þeim verkefnum sem voru hverju sinni. Á þriðjudögum fórum við í leik og læra verkefni og var unnið með margt svo sem haustið, líkamsparta, liti, íslensku húsdýrin. Við unnum líka með fjölda og afstöðuhugtök og stafinn sinn sem þau para. Á miðvikudögum var hópastarf og hringekja þar sem við skiptum okkur upp í hópa og rúlluðum á milli stöðva. Fimmtudögum var farið í gönguferðir og nærumhverfi skoðað. Nærliggjandi leiksvæði skoðuð og náttúran. Föstudagar frjálsir og oft þemadaga svo sem blár dagur eða glimmerdagur þar sem allir mæta í viðkomandi múnderingu ef þeir geta og unnið svo með í gegnum leik og vinnu.

Vináttuverkefnið fór ekki vel af stað hjá okkur og við þurfum að gera bót á því. Við notuðu sönglögina mikið og bangsarnir voru í notkun hjá okkur.

Miklar framfarir hjá börnunum í að fara eftir og vinn í leik að læra stundum og eru þau mjög viljug að koma í stundirnar og kunna orðið reglurnar og bíða eftir að röðin komi að sér.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok ið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Leikur að læra	Að hverju er stefnt? Unnið var markvisst með líkamsparta, afstöðuhugtök, líti, fjölda, dýr og stafinn þeirra	Hvernig framkvæmum við það? LAL var einu sinni í viku, alltaf. Áhersla á fyrrgreinda þætti var líka í öðru starfi, tangt saman	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Kim sá aðallega um LAL en Magga og Aron sáu um það ef þess þurfti en þess þurfti sjaldan.	Septem ber	Lok apríl	Á deildarfundum voru ákveðin þemu fyrir hvern mánuð fyrir sig. Þar var líka vinna fyrri mánaðar metin	Það er merkjanlega milillmunur í upphafi vetrar og við lok vetrar. Þau voru viss með reglur og kunnu aðferðirnar
Hreyfing	Það voru göngudagar á fimmtudögu þar sem farið var í gönguferðir. Einnig var markviss hreyfing í gegnum LAL og í hringekju þar sem settar voru upp stöðvar og ein þeirra var hreyfistöð	Þetta var tvisvar í viku, á þriðjudögu og fimmtudögum	Allir á deildinni báru ábyrgð á verkefninu en Guðrún Marín sá aðallega um framkvæmdina	Septem ber	Maí	Matið fór fram jafn óðum. Við vorum dugleg að sækja nánasta umhverfi og unnum við markvisst að heimsækja nærliggjandi leiksvæði	Viðmiðið var börnin gætu hoppað jafnfætis frá lítilli hæð.



Vináttuverke fni	Vináttuverke fnið fór ekki eins og okkur langaði. Það var dansað eftir lögunum og bangsarnir notaðir.	Stefnt er að því að hafa umsjónar mann með verkefninu næsta vetur til að tryggja framkvæm dina	Enginn var í forsvari fyrir þetta verkefni	Sept	Maí	Markmiðið er að taka þetta föstum tökum næsta vetur	
Söngur og lestur bóka.	Bækur eru alltaf aðgengilegar og í hæð barnanna. Það er lesið í samverustun dum og loðtöflusögu r eru notaðar. Lubbi er líka notaður. Að auki er lestur í sófanum í rólegum stundum. Dagurinn byrjar með málörvunars tund klukkan 9.	Lesið meira og gera meira	Allir á deild.	alltaf	allt af	Símat, er alltaf í skoðun. Bókum er skipt út eftir getu barnanna.	Viðmið er að þau nái að meðtaka sögurnar



Listasmiðja	Við vorum með listasmiðju á mánudögum við unnum fjölbreytt starf tengt lal og því þemu sem við átti. Haustið, litir, húsdýr of.l.	Börnum var skipt upp í hópa og farið saman í listasmiðju einnig var unnið inni á daeildum	Kim sá aðalega um listasmiðju na einusinni í viku og unnið var eftir áherslu hvers mánaðar fyrir sig en listasmiðja einnig nýtt fyrir jólaföndur og árstengd verkefni	sep	Lok maí	Gekk mjög vel og mikið gert. Haustið, litir, húsdýr, líkamsparta r, veðrið o.f.l Auk árstíðabun dina verkefni jól, páskar, þorrinn, 17. Júní.	

3.4 Innra mat Ólátagarðs

Ólátagarður er næst elsta deildin á Austurborg. Þar eru börn fædd 2016 og 2017. Á Ólátagarði hefur aðal áhersla starfsins verið námsþættir Aðalnámskrá þar sem starfsfólk hefur unnið saman að samþætta þessa þætti. Þeir námsþættir sem við unnum með voru: læsi, lýðræði, hreyfingu, jafnrétti, mannréttindi og verk- og listnám. Læsi og hreyfing skipuðu stóran sess í starfi okkar og var að mestu unnið í gegnum hugmyndafræði *Leikur að læra*, en þar er unnið með nám í gegnum leik og hreyfingu. Í vetur var lögð áhersla á stærðfræði í *Leikur að læra* fyrir áramótin og svo var lögð áhersla á læsi eftir áramótin, einnig var unnið með stafi, liti, form og rím. *Leikur að læra* var tvisvar í viku og einnig foreldraverkefni tvisvar í viku.

Þrátt fyrir hreyfinguna sem *Leikur að læra* felur í sér var einnig lögð áhersla á íþróttir í vetur. Börnin voru í íþróttum einu sinni í viku og svo lagt áherslu á útveru og aðra hreyfingu. Markvisst íþróttastarf sem krefst mun meiri hreyfingar en *Leikur að læra* var sett á fyrir eldri deildir í ár og verður þar haldið áfram að vinna með reglubundna hreyfileiki líkt og boðhlaup, stórfiskaleik og þess háttar.



Listasmiðjan var markvisst einu sinni í viku á miðvikudögum og gekk það mjög ve. Einnig voru ýmis munir teknir inn á deild þannig að listrænt og skapandi starf var ekki einungis bundið við listasmiðjuna. Þau fengu tækifæri til að mála með ýmis konar málningu, aðferðum og fengu oft að stýra ferðinni að miklu leyti eftir getu okkar út frá aðstæðum. Til að mynda fengu þau að stimpla með málningu, rúlla, fingramála og gamla góða aðferðin með penslum.

Lestur bóka ásamt söng var uppistaða samverustundanna okkar. Fjölbreytt efni var valið þó svo börnin fengu einnig að blómstra með því að syngja þau lög sem þau þekkja rosalega vel. Valið á bókum var ekki handahófskennt heldur reyndum við að velja viðfangsefni bóka og laga í samræmi við hópastarf þeirrar stundar, grunnþætti menntunar eða árstíðir. Einnig voru bækurnar um Fíu Sól lesnar og gekk það vonum framar að lesa bækur sem innihalda ekki myndir heldur reynir á þeirra hugmyndaflug og ímyndunarafli.

Hópastarfið gekk vel hjá okkur í vetur. Við skilgreindum það sem *leikur að læra* stundirnar, ferðir, listasmiðja og frjáls leikur. Börnin höfðu gaman af og voru alltaf viljug og reiðubúin að taka þátt í þeim stundum. Börnin höfðu einnig val um þátttöku. Þau voru ekki neydd til neins sem þau voru ekki viljug til að taka þátt í.

Vináttuverkefnið gekk mjög vel hjá okkur í vetur og var unnið markvisst með það einu sinni í viku.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur að læra	Að hverju er stefnt? Unnið var markvisst með stærðfræði og læsi	Hvernig framkvæmuðum við það? Við vorum í LAL 2svar í viku ásamt því að börnin gerðu foreldra verkefni.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Ágústa verkefnastjóri yfir LAL sá um þessar stundir.	Septem ber	Lokapríl	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Verkefnastjóri sá um þá vinnu og svo var yfirfarið á deildarfundum.	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel



							tókst að ná markmiði.
Hreyfing	Að hafa markvis sa hreyfingu fyrir börnin.	Það var íþróttir einu sinni í viku á fimmtudögu m, og einnig var önnur hreyfing í útiveru og í leikjum.	Ísleifur sá um íþróttir og aðra hreyfingu.	Septem ber	Maí	Ísleifur sá um þá vinnu og svo voru deildarfundir notaðir til að fara yfir og betrubæta ef þurfti.	
Vináttuverkefni	Að kenna börnum að umgangast hvort annað með virðingu og vinsemi.	Var einu sinni í viku á fimmtudögu m	Unnur tók þetta verkefni að sér, eftir að hún fór á námskeið fyrir vináttuverkefnið.	Septem ber	Maí	Unnur sá um þetta og skilaði því vel, yfirfarið á deildarfundu m.	
Söngur og lestur bóka.	Flettuð um saman söng og lestri bóka, einnig	Við sungum alla daga og lásum léttar bækur til að flétta saman við sönginn, Fía	Flest allir starfsmenn tóku það að sér að syngja og lesa fyrir börnin,	Septem ber	Maí	Farið var yfir á deildarfundu m og unnið sameiginlega að því að finna út hvaða lög henta fyrir	



	var ákveðið að lesa bækurnar um Fíu Sól sem er krefjandi fyrir þau á þessum aldri en þar reynir mikið á hlustun og þeirra ímyndun.	Sól var svo lesin einu sinni í viku.	Rannveig sá svo um að lesa Fíu Sól, það er reyndar ákveðin málörvun falin í því að lesa Fíu og spyrja börnin út í kaflann sem lesin var.			þau að æfa og tengja saman við bækurnar.	
Listasmiðja	Leyfa börnum að taka þátt í sköpun, að skapa sjálf frá grunni	Listasmiðja var nýtt einu sinni í viku utan deildar, einnig var unnið með sköpun og list inni á deild	Margarida sá um listasmiðju í vetur, unnið var með þemu hvern mánuð fyrir sig.	Septem ber	Maí	Listasmiðja gekk yfirburða vel í vetur og var listasmiðjan einnig nýtt ef hún var laus, unnið var með hafið, fjöruna, haustið, jólin, páska, vorið og sumarið og	



						ymis verkefni tengd inn í það.	

3.5 Innra mat 5. deildar/verkefnastjóri

Tveir elstu árgangarnir í Austurborg (börn fædd 2015 og 2016) fóru markvisst í tvær, 40 mín., Leikur að læra kennslustundir í vetur. Verkefnastjóri sá um skipulagningu, kennsluáætlanir, skráningar og kennslu fyrir þessa tvo árganga. Kennslustundirnar voru ýmist inn í hreyfisal Austurborgar eða úti á túninu fyrir neðan Grensáskirkju. Kennslustundirnar hófust í september 2020 og þeim lauk í apríl 2021, það var frí í desember. Kennsluáætluninni var skipt í haustönn og vorönn. Börnin voru annars vegar í stærðfræði eða íslensku en það skiptast á mismunandi hátt eftir árgöngum. Ákveðið var að yngri árgangarnir færu á undirbúningsstig og þar af leiðandi voru Leikur að læra kennslustundir í höndum deildarstjóra og starfsfólk yngri deildanna. Bæði haustönnin og vorönnin skiptust í þrjár lotur og í hverri lotu voru átta kennslustundir. Kennsluáætlun var útbúin í byrjun annar og þannig hélst starfið markvisst. Börn fædd 2015 voru í íslensku á haustönn þar sem lagt var áherslu á undirstöðupætti lesturs, skrift og sögur. Á vorönn fóru þau í stærðfræði þar sem lagt var áherslu á afstöðuhugtök, magn, að bera kennsl á tölustafi og í lokin kynntum við okkur samlagningu. Börn fædd 2016 voru í stærðfræði á haustönn þar sem lagt var áherslu á afstöðuhugtök, form, magn, lengd og talningu. Á vorönn fóru þau í íslensku þar sem lagt var áherslu á hljóðkerfis- og málmeðvitund barna og þau fengu að prófa sig áfram í skrift. Kennslustundirnar gengu mjög vel. Börnin mættu jákvæð og kraftmikil í kennslustundir og náðum miklum framförum.

Endurbætur fyrir næsta skólaár mættu vera á þá leið að einn eða tveir starfsmenn deildanna mæti með verkefnastjóra í Leikur að læra kennslustund og nái þannig færni í markvissri kennslu í gegnum hreyfingu og leik. Börnin njóta sín betur þegar starfsmenn eru fleiri því þá er hægt að veita börnunum meiri athygli og auðveldara að mæta mismunandi þörfum þeirra. COVID-19 hafði lítil áhrif á Leikur að læra kennslustundirnar. Starfsfólk og stjórnendur skólans voru einstaklega lausnamiðuð og mikill vilji til þess að halda kennslustundunum gangandi þrátt fyrir breyttar aðstæður.

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan er skipulögð á einstaklingsmiðaðan hátt fyrir hvert og eitt barn. Menntun án aðgreiningar er ávallt höfð að leiðarljósi og börn fá sína kennslu að stærstum hluta í margbreytilegum aðstæðum á deild með misstórum hópi barna. Þjálfunar- og stuðningsþarfir barna eru jafnframt einstaklingsbundnar til að framfarir séu sem mestar. Samvinna er við foreldra og farið eftir ráðgjöf m.a. sérkennsluráðgjafa, sálfræðinga og hegðunarráðgjafa og talmeinafræðinga á þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis og Heyrnar- og talmeinastöðvar svo og sérkennsluráðgjöf frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Samvinna hefur verið vegna sjúkra- og iðjuþjálfunar barna og við næringarráðgjafa á LSH, lækni/hjúkrunarfræðing barns þegar talin er þörf á því að þeir komi að málum með fræðslu og ráðgjöf. Skráningar eru mismunandi eftir íhlutunum. Til að mynda eru skráningar í atferlisíhlutun mun umfangsmeiri en í annars konar íhlutun og kennslu. Skráningar t.d. í málörvun, Gefðu 10 og Gæðastund eru einfaldari í sniðum og skráð í aðgengilega lista t.a.m. hvort barn fékk tímann, hvað var gert, hvernig gekk og hvað tekið verður fyrir næst. Þessir listar eru ekki með nafni barns en í sumum tilfellum upphafsstafr þess til að þeir ruglist ekki saman.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Aldursbundnar skimanir eru lagðar fyrir öll börn í leikskólanum (sérkennslustjóri, foreldri/foreldrar, deildarstjóri eftir því sem við á skv. fyrirmælum fyrirlagnar). EFI-2 er lagt fyrir öll börn á fjórða aldursári. TRAS (n: Tidlig registrering af språkutvikling), er skráningarlisti til notkunar fyrir öll börn eldri en tveggja ára, Deildarstjórar fylli út í það til að hafa yfirsýn yfir stöðu tveggja til fimm ára barna. Orðaskil er málþroskapróf sem byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálfs til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Orðaskil er sent heim til foreldra allra tveggja ára barna og aftur þegar þau eru þriggja ára. HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem metur hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika, það er lagt fyrir öll börn á elstu deild.

	Fyrir sum börn er einnig notað: AEPS (<i>Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children</i>) VB-MAPP (<i>Verbal Behavior Milestones Assessment and Placement Program</i>) ABLLS-R (<i>Assessment of Basic Language and Learning Skills – Revised</i>) Í einstaka tilfelli er notast við Smábarnalistann sem er ætlað að meta mál- og hreyfiproska 15 mánaða til 38 mánaða og Íslenska þroskalistann sem er ætlað að meta þroska þriggja til sex ára barna.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Bækur, spil, kennsluforrit í iPad, sérhæfð myndaspjöld til þjálfunar, lög, einstaklingsmiðað námsefni frá talmeinafræðingi, ýmis leikföng út frá því hvaða markmið var verið að vinna með í þjálfun. Áhugaverða hluti innan leikskólans, á leikskólalóðinni og umhverfi s.s. í vettvangsferðum. Bætt var í bókakostinn og ýmis viðbót var t.d. keypt við „Lubbi finnur málbein“ t.d. Hljóðasmiður Lubba, veggspjöld og fl. en lögð verður mikil áhersla á vinnu með Lubba á öllum deildum aftur frá og með næsta hausti vegna þess hve vel hann styður við nám í málinu.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Aukin samvinna við deildir	Að allt starfsfólk á deildum sé meðvitanda um þarfir barna sem eru með	Fundað verði örar með starfsfólki deilda.	Sérkennslustjóri/deildarstjórar	Haust 2021	Vor 2022	Með samtölum við starfsfólk á deildum og starfsfólk sérkennslu	Með gátlista og samtals aðferð

	sérkennslu.						
Fræðsla til deilda	Fræðsla um ákveðin frávík í þroska	Fræðsla til deilda á deildarfundum t.a.m. á starfsdögu og sérkennslur áðgjafi komi með fræðslu í leikskólann um einhverfu.	Sérkennslustjóri	Haust 2021	Voð 2022	Samtalsaðferð, eftirfylgd	Meira öryggi í starfi, samtöl.
Aðstaða	Að aukin aðstaða fylgi mikilli aukningu á þörf fyrir sérkennslu		Sérkennslustjóri, deildarstjórar, leikskólastjóri.	Haust 2021	Voð 2022	Viðeigandi aðstaða fyrir vaxandi fjölda barna sem njóta sérkennslu til að geta uppfyllt þær kröfur sem ákveðnar íhlutunaraðferðir kalla á.	Að hægt hafi verið að koma til móts við börnin skv. þeirri sérkennslur áðgjöf sem leikskólinn fær



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Ráðinn var tengiliður fjölmenningar í 25% stöðu. Meðal annars var bætt verulega við bókaeignina og keyptar áhugaverðar fræðslubækur og orðaforðabækur. <i>Lubbi finnur málbein</i> efnið var endurnýjað og allur sá pakki keyptur.	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	<i>Orðaforðalistinn</i> og <i>Gefðu 10</i> bæklingar og skráningarblöð eru á öllum deildum. Haldin hefur verið kynning á deildum á aðferðunum.	
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Með því að leggja orða á athafnir, með því að skapa tækifæri til tjáningar í sem flestum aðstæðum, með lestri bóka, með samverustundum, söng og söngstundum, leiksýningum, með Leikur að læra aðferðinni, með Vináttuverkefninu svo eitthvað sé nefnt.	
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	<i>Staða - Framfarir - Framhald</i> leiðbeiningar og skráningarblöð eru á jafnframt á deildum og <i>Einn leikskóli mörg tungumál</i> og skráningarblöð á elstu deild, einstaklingsáætlanir, TRAS og EFI-2 svo og aðrar skimanir sem notaðar eru í leikskólanum meta einnig stöðu barnanna og framfarir.	
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Hugað er að virkri þátttöku barnanna, orðaforða og málskilningi, tjáningu og frásögn, hlustun og hljóðkerfisvitund, ritmáli og hefur verið markviss vinna í félagslegu tungumáli, tilfinningum, áhugasviði, styrkleikum og löngun barnanna frá því í janúar 2021 þegar tengiliður fjölmenningar hóf störf. Auka þarf enn frekar markvissa vinnu með alla þætti málsins þ.á.m. orðaforða, málskilning, tjáningu og frásögn, hlustun og hljóðkerfisvitund og ritmál og mun sú vinna verða markvissari á öllum deildum frá og með haustinu.	

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðf erðir?	Viðmið um árangur

Gefðu 10	Passa uppá að málörvunartímar séu reglulegir.	-Gera verkefni sýnilegra á hverri deild. -Búa til handbók sem er þægilegri í notkun fyrir nýtt starfsfólk/kennara. Búa til aðgengilega gátlista.	Tengiliður fjölmenni ngu.	september 2021	maí 2022	Kennarar skrá í gátlista	Að börnin auki orðaforða sinn
Móttaka/ Velkomin	Að börn með ólíkan menningarlegan bakgrunn finni að þau eru velkomin.	Að byggja upp góð samskipti og traust milli foreldra og leikskóla.	Deildastjórar og tengiliður fjölmennigar	september 2021	maí 2022	Samtöl við börn og jafnvel foreldra	-Börn aðlagast nýju umhverfi og byrja að leika við börnin á deildinni. Góð samskipti kennara og foreldra.
Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn	Að kennarar að þekki styrk- og veikleika í íslenskum málskilningi barnanna.	Gera þetta verkefni sýnilegt á öllum deildum. -Búa til handbók	Deildarstjórar	september 2021	Maí 2022	Kennarar nota Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd	Að börnin öðlist meiri færni í íslenskri tungu.



		sem er þægileg í notkun fyrir nýtt starfsfólk / kennara. -Búa til þægilegan gátlista. Tengiliður fjölmenningar mætir á deildarfundi einu sinni í mánuði				börn til viðmiðunar.	
Finna áhugamál barnanna	Að kennarar viti hverju hvert og eitt barn hefur áhuga á.	Viðtal foreldra / spurningalist i í tölvupósti.	Kennarar og tengiliður fjölmenningar.	september 2021	Maí 2022	Fylgjast með virkni barnanna og samskiptum	Fjöltýngd börn finna að þau eru velkomin og finna til öryggis.
Fjölmennings og fjölbreytt kenning	Öll börn í leikskólanum upplifi fjölmenningarleg og fjölbreytt þemaverkefni.	-Skoða og sjá hvað geta verið áhugaverð verkefni fyrir hverja önn. Hafa lista yfir orð á tungumálum fjöltýngdra	Kennarar og tengiliður fjölmenningar.	september 2021	Maí 2022	Skráningu og samtöl við foreldra.	Börn upplifa örvandi verkefni sem eru miðuð út frá áhugasviði þeirra, árstíðum eða sérstökum menningarþemum.



		barna á hverri deild. -Læra ný lög á mismunandi tungumálum með aðstoð foreldra. -Biðja foreldra að taka þátt og kynna menningu barns síns fyrir öðrum börnum.					
--	--	--	--	--	--	--	--

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru tekin af leikskólastjóra við deildarstjóra, verkefnastjóra og aðra stjórnendur þetta árið. Deildarstjórar tóku samtöl við starfsfólk á sinni deild.

Áætlun um símenntun:

- Skyndihjálparnámskeið fyrir alla starfsmenn
- LAL – Leikur að læra - haustvatning fyrir alla starfsmenn
- Lubbi finnur málbein, námskeið fyrir alla starfsmenn
- Þrír starfsmenn eru í meistaranámi leikskólakennarafræðum
- Tveir starfsmenn eru í grunnnámi leikskólakennarafræðum
- Einn starfsmaður í meistaranámi í sérkennslufræðum
- Leikskólastjóri verður vakandi fyrir námskeiðum og fyrirlestrum sem er gott að fá inn í leikskólann til fræðslu

- Sérkennslan sendir sitt fólk á námskeið sem ráðast eftir þörfum þeirra barna sem eru í sérkennslu í skólanum veturinn 2021 – 2022.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Því miður féll allt samstarf niður þetta skólaár vegna sóttvarnarráðstafana sem voru vegna Covid-19.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrafundir eru almennt þegar aðlögun er hafin bæði að vori og hausti. Þá eru nýir foreldrar boðaðir í sal þar sem farið er yfir áherslur og reglur leikskólans. Foreldrar skrifa þá undir dvalarsamning og fá foreldrahandbók með helstu upplýsingum. Einnig boðar hver deild foreldra til morgunfundar að hausti til að kynna starfsfólk og deildarstarf. Því miður var ekki hægt að boða til þessara funda þetta skólaár vegna sóttvarnarréglna sem voru til komnar vegna Covid-19.

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti og vori. Þá eru foreldrar boðaðir til viðtals við deildarstjóra þar sem foreldrar fá upplýsingar um hagi barnsins bæði í leik og starfi. Einnig veitir deildarstjóri þeim upplýsingar um starf deildarinnar. Þetta árið voru foreldrafundir haldnir rafrænt og tókst það mjög vel.

Foreldrafélag í Austurborg starfar foreldrafélag og foreldrar ganga sjálfkrafa í félagið þegar barnið byrjar í leikskólanum. Almennt er aðalfundur félagsins haldinn með haustfundi leikskólans, þar sem gjald vetrarins er m.a. ákveðið og starfsemin kynnt. Í ár féll það niður eins og margt annað vegna Covid-19.

Hlutverk félagsins er einkum að efla tengsl foreldra og starfsmanna, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Kosið er í félagið á hverju hausti og eru það c.a átta foreldrar ásamt aðstoðarleikskólastjóra sem sitja þá fundi sem félagið ákveður. Foreldrafélagið heldur 2-3 fundi á hvorri önn og eru fundirnir haldnir á kvöldin. Þeir fundir voru ekki heldur í ár vegna sóttvarnarréglna.

Foreldrafélagið styður vel við bakið á leikskólastarfinu og það hefur boðið uppá hoppukastala, Sirkus, andlitsmálningu, blöðrudýr og margt annað skemmtilegt þegar sumarhátíðin hefur verið haldin. Hún féll þó niður þetta árið af sömu ástæðu og annað.

Foreldrafélagið heldur einnig utan um Facebook síðu undir nafni leikskólans þar sem fer fram upplýsingaöflun og jákvæð skrif.

Í foreldraráði eru almennt þrír foreldrar en þar sem börn tveggja í ráðinu hættu í leikskólanum síðastliðið vor þarf að kjósa í það aftur næsta haust en miðað við stöðuna á Covid-19 þegar þetta er skrifað þá lítur út fyrir að loksins verði hægt að funda aftur í haust.. Foreldraráðið fundar 2-3 sinnum á vetri með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og farið er yfir starf vetrarins og áherslubreytingar ef einhverjar eru.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Skipulagsdagar næsta vetrar verða sex þetta skólaár og verða þrír þeirra með grunnskólanum.

Skipulagsdagar næsta skólaárs eru eftirfarandi:



- Föstudaginn 10. september
- Þriðjudaginn 12. október (sameiginlegur með grunnskólanum)
- Mánudaginn 3. janúar (sameiginlegur með grunnskólanum)
- Mánudaginn 7. febrúar (sameiginlegur með grunnskólanum?)
- Föstudaginn 27. maí
- Mánudaginn 30. maí

Strax í haust mun leikskólastjóri huga að námskeiðum og skipulagningu skiplagsdaga næsta vetrar. Nú þegar er komið að hluta til áætlun fyrir skipulagsdaginn 10. september en þá kemur Kristín Einarsdóttir frá Leikur að læra með hausthvatningu fyrir starfsmenn og svo verður hópefli eins og vaninn er á haustin. Á starfsdeginum 12. október fara starfsmenn á Lubbanámskeið.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Leikskóladagatal 2021 - 2022

10.2 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Austurborgar

<u>Guðrún Kristinsdóttir</u>	<u>7. júlí 2021</u>
Aðstoðarleikskólastjóri	Dagsetning



Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal 2021 – 2022

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2021 - 2022

Nafn leikskóla

Austurborg

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAI	JÚNÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	1 L	1 D	1 D	1 F	1 S	1 M
2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 Þ	3 M	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 Þ
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M
16 M	16 F	16 L	16 M	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 Þ	17 F
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 F	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 F	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 F	23 M	23 M	23 F
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 F	24 L	24 Þ	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L
26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F	26 S
27 F	27 M	27 L	27 M	27 M	27 F	27 S	27 S	27 Þ	27 F	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F
31 Þ	31 S	31 M	31 F	31 L	31 Þ	31 F	31 F	31 M	31 Þ	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þeir skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfélt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitt skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Fylgiskjal 2

Starfsáætlun 2021 – 2022

Austurborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hrafnhildur Svansdóttir

Elsa María Gunnarsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.



- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun Leikskólans Austurborgar fyrir árið 2021-2022 verður með sama hætti og verið hefur, með fagmannlega unnum og metnaðarfullum markmiðum. Stefnt er á viðbætur sem munu án efa hafa góð áhrif á daglega starfsemi skólans, bæði fyrir starfsfólk, börn og foreldra. Starfsáætlunin er áfram viðamikil og mennta- og uppeldisstefna markviss.

Framþróun barna á Austurborg er mikil og þrátt fyrir erfiðar aðstæður starfsfólks síðasta árs vegna covid-19 hefur tekist að viðhalda skólastarfi af mikilli fagmennsku. Börnin öðlast víðtæka þekkingu og færni, og eru vel undirbúin fyrir næsta skólastig.

Samstarf við foreldra hefur verið til fyrirmyndar. Vel gengur að mæta þörfum hvers og eins án þess að hvika frá fagmannlegum vinnubrögðum.

Góður starfsandi er ríkjandi á Austurborg, jákvæðni og gleði einkennir skólastarfið sem skilar sér til barna og foreldra.

Virðingafyllst,
Hrafnhildur Svansdóttir



